

Stofnanasamningur

Menntaskólinn við Sund annars vegar og Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga hins vegar, gera með sér eftirfarandi stofnanasamning skv. ákvæðum kjarasamnings fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og aðildarfélaga BHM.

1. Gildissvið

Samningur þessi nær til þeirra félagsmanna í Kjarafélagi viðskiptafræðinga og hagfræðinga sem ráðnir eru hjá Menntaskólanum við Sund.

2. Markmið

Aðilar eru sammála um eftirfarandi markmið með samningi þessum:

- Að launakerfið sé sveigjanlegt og ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum og gagnsæjum hætti
- Að komið verði í veg fyrir ómálefnalegan launamun sem rekja má til kynferðis
- Að launakerfið feli í sér hvatningu og tækifæri fyrir starfsmenn til framgangs í starfi með hliðsjón af árangri og eðli starfa
- Að launakerfið nýtist sem stjórnæki til að ná fram sameiginlegum markmiðum stofnunar og starfsmanna, og stuðli að árangurstengingu launa í samræmi við markmið og stefnu stofnunar
- Að launakerfið feli í sér tækifæri til að bæta nýtingu rekstrarfjármuna og skapa grundvöll að aukinni hagræðingu
- Að tryggja Menntaskólanum við Sund hæft starfsfólk í góðu og framsæknu starfsumhverfi

3. Starfsheiti og röðun starfa

Samningur þessi nær til starfs fjármálastjóra. Grunnröðun miðast við Baccalaureus gráðu.

Fjármálastjóri

Fjármálastjóri vinnur með rektor að áætlanagerð og endurskoðun rekstraráætlunar. Hann sér um skráningu upplýsinga um laun og færslu bókhalds- og launa í tekju- og bókahaldskerfi. Fjármálastjóri sér um færslur vegna staðgreiðslusölu, umsjón ferðareikninga og innheimtu gjalda. Fjármálastjóri ber ábyrgð á því að bókhald skólans sé í samræmi við góða siði og reglur þar um. Fjármálastjóri hefur umsjón með daglegum fjármálum skólans, hann sér um að höfðu samráði við rektor að innkaup séu í samræmi við áætlanir. Fjármálastjóri hefur fyrir hönd skólans umsjón

með rekstri nemendafélagsins og leiðbeinir stjórn þess um gerð rekstraráætlana og bókhald.

Grunnröðun lfl. 120

4. Persónubundnir þættir

Meta skal persónu- og tímabundna þætti til launaprepa eða launaflokka í launatöflu. Hafi starfsmaður náð átta þrepum skal hann flytjast upp um launaflokk í töflunni, þannig að tryggt verði að áframhaldandi launapróun geti átt sér stað í samræmi við ákvæði þessa samnings.

4.1 Menntun

Ef starfsmaður aflar sér aukinnar menntunar umfram kröfur til starfs eða hefur þegar aflað sér hennar, skal taka mið af því skv. eftirfarandi:

Tvöfalt BA/BSc próf sem nýtist í starfi, diplóma (60 ein)	1 launaprep
MA, MSc. próf eða sambærilegt	2 launaprep
Tvöfalt MA /MSc próf	1 launaprep
Dr/PhD próf	4 launaprep

4.2 Starfsreynsla

Starfsreynslan sem nýtist í starfi, er skilgreind sem samanlögð vinna starfsmannsins við fagsvið sitt hjá Menntaskólanum við Sund. Hún er metin að lágmarki þannig:

Eftir 1 ár í starfi	1 launaflokkur
Eftir 4 ár í starfi	1 launaflokkur

4.3 Sérstök færni og árangur

- 5 Unnt er, í samræmi við sett skilyrði samstarfsnefndar, að leggja fram gögn um góðan árangur í starfi umfram það sem hægt er að gera kröfu til um. Samstarfsnefnd leggur mat á umsókn og getur veitt viðkomandi tímabundið álag allt að +3 launaprep vegna þessa.

Um mat á þessum árangurs- og færni þáttum, sjá **bókun 1** með samningi þessum.

5. Umfang og stærð skóla

Ef stærð skóla reiknast yfir 900 stig, samkvæmt viðmiðunum Mennta- og menningar- málaráðuneytis, skal starfsmaður hækka um 1 launaflokk.

6. Starfsþróunarsamtal og mat á frammistöðu:

Árlega skal fara fram starfsþróunarsamtal. Þar skal m.a. rætt um frammistöðu, starfslýsingu, starfsþróun, samskipti og líðan í starfi.

Starfsmaður á rétt á viðtali einu sinni á ári, í framhaldi af árangursmati í samræmi við reglur (sjá bókun 1) um þá þætti, sem geta haft áhrif til breytinga á launakjörum. Einnig getur rektor Menntaskólans við Sund ákveðið að endurmeta launakjör starfsmanns til hækkunar hvenær sem er. Tilfærslur launakjara gætu orðið í formi breytinga á launaprepum.

Sé starfslýsing breytt eða eðli og umfang starfsins breytist svo að komi til auknar kröfur um hæfni, þekkingu, ábyrgð og/eða frammistöðu starfsmannsins, skal starfið og launakjörin endurmetin með tilliti til þess.

7 Samstarfsnefnd

Samstarfsnefnd samningsaðila skal komið á fót við undirritun samnings þessa og hefur hún það verkefni að leita lausna ágreiningsmála sem upp kunna að koma í tengslum við framkvæmd stofnanasamningsins.

8 Endurskoðun

Aðilar samnings þessa skulu með reglubundnum hætti endurskoða samninginn. Þar skal metið hvort forsendur hafi breyst. Að jafnaði skal samningurinn endurskoðaður eigi sjaldnar en annað hvert ár og hvenær sem annar aðili hans fer fram á slíka endurskoðun.

9 Gildistími

Stofnanasamningur þessi gildir frá 1. janúar 2014 en gildistími breytinga á launaröðun í samræmi við ákvæðin hér að framan er frá og með 1. ágúst 2014.

Reykjavík, 19. desember 2014

F.h. Menntaskólans við Sund



F.h. Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga



Bókanir

Bókun 1

Um mat á sérstakri færni, árangri og umfangsmiklum verkefnum fer í meginatriðum að sama verklagi og gildir um aðra starfsmenn Menntaskólans við Sund, svo sem er varðar árleg áhersluatriði skólans, umsókn um álagsþrep og rökstuðning starfsmanns, mat samstarfsnefndar aðila o.fl.

Möguleikar starfsmanns til launabróunar skulu vera sambærilegir og hjá öðrum starfsmönnum skólans.

Bókun 2

Með gildistöku þessa samnings fellur úr gildi samkomulag um fasta mánaðarlega yfirvinnu og önnur ákvæði um föst launaprep

Reykjavík, 19. desember 2014

F.h. Menntaskólans við Sund



F.h. Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga

